



Alþingi  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. nóvember 2005

### Efni: Frumvarp um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. Helstu nýmæli frumvarpsins sem veitir höfundum og réttihöfum skyldra réttinda einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna

Samtök atvinnulífsins telja að efling höfundaréttar og aukin úrræði til verndar slíkum rétti séu til þess fallin að efla og styrkja atvinnulífið. Eru nýmæli frumvarpsins um aukna vernd til handa höfundum svo og ákvæði um úrræði gagnvart þeim sem setja í umferð eða hafa í fórum sínum búnað sem einungis miðar að því að sneiða hjá búnaði sem ætlaður er til verndar slíkum rétti almennt til hagsbóta fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna. Eru Samtök atvinnulífsins því hlynnt lögleiðingu frumvarpsins í heild.

Markmið tilskipunar 2201/129/EB var m.a. að skerpa á reglum um hvað má og hvað má ekki þegar kemur að því að sækja sér efni á Netið eða afrita hljóðritanir hvort heldur á geisladiska eða MP3 spilara, svo og að hlaða upp efni á Netið, án leyfis réttahaða. Verður að segjast að ákvæði frumvarpsins sem að þessu lúta eru á við og dreif og mjög ógegnsæ og erfitt fyrir ólögglærða að fá heildstæða mynd af réttindum og skyldum sínum með lestri höfundalaga eins og þau koma til með að vera eftir breytingarnar. Æskilegt væri að frumvarpið væri tekið til endurskoðunar að þessu leyti og að það tæki skýrar á þeirri óvssu sem ríkt hefur hingað til hvað þessi atriði varðar, en raunin er með þessu frumvarpi.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

#### 1. sbr. 2. gr. frv.

Í 4. tl. nýrrar 10. gr. segir að einkaréttur höfundar gildi ekki um gerð eintaka sem hafa enga sjálfstæða þýðingu. Skv. 2. gr. frumvarpsins er einstaklingum heimilt að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Virðist sem þessar tvær greinar stangist aðeins á og að með 4. tl. nýrrar 10. gr. sé opnað fyrir gerð eintaka af hálfu lögaðila og er þá óljóst við hvað slíkt á að takmarkast, enda getur ekki verið um "einkanot" þegar um lögaðila er að ræða eins og það hugtak hefur verið skilgreint. Verður ekki séð að þörf sé fyrir þennan 4. tl. í ljósi 2. gr. frumvarpsins, nema ef hann myndi eingöngu vísa til 1. mgr. 11. gr. eða taka upp



efnisatriði hennar. A.m.k. er samspil þessara tveggja greina óljóst með núverandi orðalagi.

#### 4. gr. frv.

Með þessari grein er takmarkað gildissvið núverandi laga þannig að heimild til birtingar verka vegna listgagnrýni án samþykkis réttihafa er takmörkuð við að ekki sé um birtingu og umfjöllun verkanna í fjárhagslegum tilgangi. Í skýringum með greininni væri rétt að fjalla sérstaklega um, hvort listgagnrýni dagblaða og tímarita falli þarna undir, en það er væntanlega eitt raunhæfasta dæmið um slíka birtingu og umfjöllun.

#### 6. gr. frv.

Gera mætti orðalag 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins skýrara þannig að skýrt komi fram hvar frekari dreifing eintaka af verki höfundar sé heimil, en ætlunin skv. skýringum með frumvarpinu er eingöngu að innleiða í lög svæðisbundna tæmingarreglu (innan Evrópska efnahagssvæðisins). Þannig væri æskilegt að í greininni segði beinum orðum að frekari dreifing innan Evrópska efnahagssvæðisins væri heimil. Þá er einnig óskýrt í greininni hvort dreifing í formi láns eða leigu skv. 2. ml. 1. mgr. á við um upphaflega dreifingu höfundar eða frekari dreifingu þriðja aðila.

#### 12. gr. frv.

Þær greinar sem lagt er til að taka upp skv. 12. gr. frv. eru í heild frekar óskýrar með tilvísunum fram og tilbaka í aðrar greinar eða skilgreiningar. Næst því ekki heildarmynd af því sem þarna er verið að lögleiða nema með miklum samlestri við aðrar lagagreinar. Æskilegra væri að reyna að endurorða lagagreinar með það í huga að forðast slíkt. Þá virðist að í nýrri 50. gr. c. vanti samtengingu eftir orðunum í 1. mgr. “að því er kennslu varðar” t.d. mætti þar á eftir bæta við orðunum “svo og ákvæði”

#### 13. gr. frv.

Með þessari grein er eintakagerð einstaklinga til einkanota undanþegin refsinaemi enda sé slík eintakagerð ætluð til einkanota eingöngu. Gerir þessi undanþága einstaklingum kleift að nýta sér ýmsan tæknibúnað s.s. tölvur, mp3 spilara og þess háttar búnað til að hlaða niður tónlist eða öðrum vernduðum verkum án refsingar, hvort sem slíkt á sér stað með sniðgöngu tæknilegra ráðstafana eða ekki. Er ekki gerður greinarmunur á því hvort slíkt niðurhal á sér stað frá ólöglegum efnisveitum eða ekki. Er það mat Samtaka atvinnulífsins að þessi undanþága sé til þess fallinn að draga úr löglegu niðurhali slíks efnis t.a.m. gegnum veitur eins og tónlist.is sem selja aðgang að slíku efni og greiða rétt höfum fyrir afnotin. Að mati Samtaka atvinnulífsins getur ekki heldur verið rétt að gera sniðgöngu afritunarvarnar á hljómdiski refsilausa enda ýtir slíkt einnig undir ólögsmæta áframhaldandi dreifingu á efni sem ætlunin hefur verið að vernda gegn slíku, til annarra en talist hafa fallið undir hugtakið



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

“einkanot”. Þá er engan veginn skýrt við hvað sé átt í athugasemdum við þessa grein þegar mælt er fyrir um heimild til “að njóta löglegra eintaka verka.”

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is

